

FEBRÚAR 2022 | 2. FRÉTTABRÉF

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar



Snævarr, Kristín og Lilja
við sjónaukana



Þegar stjarnan Venus er
björtust er hún u.þ.b. 16
sinnum bjartari en önnur
bjartasta stjarna himins



Stjörnuskoðun nemenda í boði Náttúrustofu Suðausturlands,

**MEÐ SNÆVARRI, KRISTÍNU OG LILJU
STJÖRNUFRÆÐINGUM SKOÐUNARFERÐARINNAR**

Náttúrustofa Suðausturlands í Nýheimum, bauð nemendum Grunnskóla Hornafjarðar í stjörnuskoðun á stjörnubjörtum janúarmorgni. Nemendur gátu skoðað tunglið og stjarnan Venus skartaði sínu skæra fyrir sjónaukana. Það birti með hverri mínútunni en Snævarr, Kristín og Lilja náðu einnig að sýna nemendum stjörnuna „Arktúrus“, þekkta stjörnumerkið „Stórabjörn“ auk þess sem Snævarr benti nemendum á „Karlsvagninn“ og hvernig mætti finna „Pólstjörnuna“. Í kjölfarið verður áhugasömum hópum boðin skoðunarferð í stjörnutjald Snævarrs í byrjun febrúar. Við þökkum NSA kærlega fyrir skemmtilega stund.

DANSVIKA!

GFH og Jóns Péturs



Dansinn dunaði í grunnskólanum í lokaviku janúarmánaðar þegar Jón Pétur danskennari kom í sína árlegu heimsókn í GH.

Í dansinum mætast íþróttin, listin, andagiftin og samlíðunin og dansinn er eitt af mikilvægum gleðivítamínum daglegs lífs.

Í lokin brá starfsfólk undir sig betri fætinum með Jóni Pétri og hitaði um leið vel upp fyrir spennandi leik Íslands um 5. sætið á EM





Legó keppnin 2021 (First Lego League, jan 2022)

ÞRAUT ÁRSINS ER „VÖRUFLUTNINGAR“ (E. CARGO CONNECT)!

- Samfélag okkar reidir sig daglega á flutninga á allskonar vörum.
- Eftir því sem samfélagið stækkar og eftirspurnin eykst, mun álag á vöruflutningakerfin aukast.
- Við þurfum að finna nýjar leiðir eða endurbæta núverandi kerfi til að tryggja öryggi vöruflutninga, gæði og væntingar viðskiptavina.
- Hvernig geta nýjar vélar, ný tækni eða verklag hjálpað okkur að draga úr álagi og vandamálum við vöruflutninga?

**Lífshlaupið
fer fram
3. - 23. feb.
2022**





Legó keppni ársins 2021 var frestað um tíma sökum Covid-19. Ákveðið var að halda keppnina rafrænt í staðinn og hefur hún verið haldin núna í upphafi árs 2022.

First Lego League Ísland er keppni fyrir rúmlega 20 lið sem koma alls staðar að af landinu. Í hverju liði eru 4-10 ungmenni á aldrinum 10-16 ára og a.m.k. einn fullorðinn leiðbeinandi.

Það eru nemendur 7. bekkjar sem taka þátt fyrir hönd Grunnskóla Hornafjarðar og verkefnastjórar eru þær Rósa Valdemarsdóttir og Eva Rán Ragnarsdóttir.

First®: For Inspiration and Recognition of Science and Technology
Legó®: "Leg godt"





**Sköpun, lausnahugsun og hönnun í gegnum sögur, leik og starf.
„BRÚ FYRIR GEITUR EN EKKI TRÖLL” - BRÚARHÖNNUN Í 3. BEKK**



Þriðji bekkur ásamt Sigurbjörgu, Eyrúnu, Heiði og Sæmundi hafa unnið með sköpun, lausnahugsun, samvinnu, hönnun og úrræði í sögunni um Geiturnar þrjár. Nemendur lesa söguna um geiturnar þrjár og aðstoða geiturnar við að hanna brýr sem eru til þess gerðar að auðvelda geitunum að sleppa undan tröllinu. Í þessari sögu skoða geiturnar nýjar forsendur til að sleppa framhjá trölli og sem eru þá um leið gefnar nemendum til að vinna með:

- Tröllid er lofthætt.
- Tröll fá innlokunarkennd.
- Tröll eru hrædd við köngulær og eiturslögur
- Tröll eru hrædd við orma og fugla.
- Tröll eru hrædd við hunda og fiska.

Eins og sést var nóg um hugmyndaudgi og skemmtilega fjölbreyttar útkomur.

***Viðtalsdagur (Viðtalsvika): Föstudagurinn 11. febrúar
Vetrarfrí Grunnskóla Hornafjarðar verður:
mánu- og þriðjudag 14. og 15. febrúar. Njótið samverunnar vel***



Kannanir um hagi og líðan ungs fólks

Á vorönn er áætlað að leggja kannanir fyrir ungt fólk um hagi þess og líðan. Þessar kannanir eru mikilvægur hluti af samráði og samvinnu við ungt fólk um velferð þess.

- Könnunin „Hagir og líðan“ verður lögð fyrir nemendur í 4., 6. 8. og 10. bekk núna á vorönn.
- Könnunin „Ungt fólk“ verður lögð fyrir nemendur í 8. – 10. bekk þann 8. febrúar.

Innleiðing Farsældarfrumvarpsins

VIINNUSTOFA 2 HALDIN Í FEBRÚAR

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur skuldbundið sig til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnsýslu sína með stuðningi félagsmálaráðuneytis og UNICEF.

Sveitarfélagið Hornafjörður er nú, eins og fleiri sveitarfélög, að innleiða lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Fyrir lögunum fer félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason. Lögum þessum er ætlað að stuðla að aukinni farsæld barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Við framkvæmd Farsældarlaganna er leitast við að tryggja réttindi barna í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Nú í byrjun febrúar var haldin fyrsta vinnustofa á innleiðingaráætlun, þar sem m.a. starfsfólki Grunnskólans, gafst kostur á að taka þátt í að móta og leggja til málanna um mótun samræmdrar þjónustu. Önnur vinnustofa innleiðingaráætlunarinnar verður einnig haldin núna í febrúar.

Það er sérfræðingar hjá RR ráðgjöf sem halda utan um áætlun innleiðingarinnar. Fulltrúar Grunnskóla Hornafjarðar í innleiðingu farsældarfrumvarpsins eru Eygló Illugadóttir og Kristín Gestsdóttir, aðstoðarskólástjórar.

Innleiðing Barnasáttmála
Sameinuðu þjóðanna |
Fréttasafn | Hornafjörður
(hornafjordur.is)